



*Hákon Jóhannesson*

Sendinefnd ESB á Íslandi  
Kristján Sævald Pétursson  
Reykjastræti 2  
Reykjavík  
s. 520 3399

E-mail: [delegation-iceland@eeas.europa.eu](mailto:delegation-iceland@eeas.europa.eu)

**Efni: Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópusambandinu og boðuð afskipti ESB í aðdraganda hennar.**

Fulltrúi Sendinefndar Evrópusambandsins á Íslandi.

Með vísan í mögulega þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu og boðuð afskipti ESB í aðdraganda hennar, óska ég eftir nánari upplýsingum, gögnum og skýringum.

Til skýringar vísa ég m.a. til umfjöllunar á vef <https://www.stjornmalin.is/?p=36015>, þar sem fram kemur m.a.: „Þá segir að fram að því hyggist sambandið taka með virkum hætti þátt í því með íslenzku ríkisstjórninni að kynna kosti mögulegrar aðildar að ESB og vinna að auknum undirbúningi fyrir endurnýjað umsóknarferli ef Ísland virkjar með formlegum hætti umsókn sína.“

Þá kemur jafnframt fram að ESB hyggist samhliða því bjóða fram aðstoð gegn erlendum afskiptum af kosningaferli.

Það er ljóst í mínum huga að ef eitt *sjónarmið af tveimur* sjónarmið nýtur formlegrar aðkomu erlends hagsmunaaðila í samstarfi við stjórnvöld, mun það raska jafnræði og draga úr trausti á ferlinu.

Ákvörðun um ESB-aðild er alfarið í höndum íslensku þjóðarinnar, annaðhvort í gegnum Alþingi eða með þjóðaratkvæðagreiðslu og að ferlið tengist grundvallarreglum **Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944** um að ríkisvaldið spretti frá þjóðinni.

Í því samhengi tel ég mikilvægt að áréttu að „erlend íhlutun“ í lýðræðislegu ferli snýst ekki aðeins um skoðanatjáningu erlends aðila og upplýsingagjöf, heldur hvort aðkoman veiti erlendum hagsmunaaðila beint aðgangs eða kerfisbundið forskot - raunveruleg áhrif á umgjörð, trúverðugleika eða niðurstöðu.



*Hákon Jóhannesson*

Slík áhætta eykst verulega ef aðkoman er felld inn í beina framkvæmd eða opinbera ferla í að því er virðist formlegt samstarf við íslensk stjórnvöld (með yfirbragði opinbers hlutleysis), eða ef hún felur í sér fjárhagslega/efnislega aðstoð (styrki, þjónustu, auglýsingakaup, ráðgjöf, efnisframleiðslu o.s.frv.) sem skekkir jafnræði sjónarmiða aðila.

Einnig vegur þungt ef gagnsæi er ófullnægjandi (óljóst hver borgar, hver stýrir, hvaða samningar gilda og hvar ábyrgð liggur).

Að lokum er brýnt að „aðstoð gegn erlendum afskiptum“ sé útskýrð af alúð og nákvæmni, ef hún felur í sér greiningu, ráðgjöf eða ráðstafanir sem geta haft áhrif á opinbera umræðu; þá þarf **sérstaklega** að liggja fyrir heimildagrundvöllur, ábyrgð, varnaglar og (ef við á) meðferð gagna.

Í ljósi ofangreinds tel ég mikilvægt að skýrt liggi fyrir hvernig fyrirhuguð aðkoma og afskipti ESB samræmist **meginreglum um fullveldi, gagnsæi og jafnræði sjónarmiða** í aðdraganda umræddrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í ljósi ofangreindra áforma Evrópusambandsins með íhlutun og kynningarstarfi hér á Íslandi í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu, óska ég skýringa á eftirfarandi atriðum og jafnframt óska ég þess að svarað sé lið fyrir lið.

## **Beiðni um upplýsingar**

### 1) Lagalegar heimildir og viðmið

Hverjar eru þær lagalegu heimildir og stefnumið sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri aðkomu ESB að upplýsingagjöf eða kynningarstarfi í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu ríks utan sambandsins?

*Í „Charter of the United Nations“, sérstaklega 2. gr. 7. mgr., má draga þá almennu ályktun að ríki eiga ekki að hafa áhrif á stjórnámál eða kosningar annarra ríkja. Almenn er beinn erlendum stuðningur eða fjármögnun kosningabaráttu ólögætur.*

### 2) Eðli og umfang samstarfs við íslensk stjórnvöld

Hvernig er fyrirhugað samstarf við íslensk stjórnvöld skilgreint, hvert er umfang þess og hvernig er tryggt að það samræmist kosningalögum og íslenskum reglum um kosninga- og þjóðaratkvæðisferli, þar á meðal meginreglum um jafnræði sjónarmiða og hlutlægni opinberrar upplýsingajafar?

Að auki óska ég sérstaklega upplýsinga um eftirfarandi:

- Hvaða íslenska stjórnvald ber ábyrgð á samstarfinu?



*Hákon Jóhannesson*

- Er til skriflegt samkomulag (t.d. MoU) eða önnur formleg skuldbinding um samstarfið, og ef svo er, er unnt að afhenda afrit eða upplýsa um efni þess (eða meginatriði)?
- Verður efni og/eða kynning birt eða miðluð á opinberum vettvangi íslenskra stjórnvalda (t.d. á vef Stjórnarráðsins, í opinberum dreifileiðum eða með öðrum formlegum miðlum á vegum ríkisins), og ef svo er, hvernig verður ábyrgðarkeðja og hlutlægni tryggð?

3) Eðli aðstoðar gegn erlendum afskiptum af kosningaferli.

Hvað felst í því að bjóða fram aðstoð gegn erlendum afskiptum af kosningaferlinu og á hvaða grunni hvílir aðkoman og einstakir þættir þessarar aðstoðar?

Í því sambandi óska ég skýringa á því hvort aðstoðin feli í sér t.d. tækni- eða öryggisráðstafanir, eftirlit, greiningu á upplýsingaóreiðu eða ráðgjöf um viðbrögð, og þá:

- Hvaða heimildir gilda um slíka aðkomu?
- Hvaða gögn (ef einhver) yrðu unnin eða greind, og af hverjum?
- Hver ber ábyrgð á framkvæmd, stjórnslu og eftirfylgni?

4) Fjármögnun og framkvæmd

Hvernig verður starfsemin fjármögnuð, hver ber ábyrgð á framkvæmd hennar og hvaða gagnsæiskröfur gilda um ráðstöfun fjármuna og framvindu verkefna?

Að auki óska ég skýrra upplýsinga um eftirfarandi:

– Mun ESB veita beinan eða óbeinan fjárstuðning, styrki, afslætti eða þjónustu (t.d. auglýsingakaup, ráðgjöf, efnisframleiðslu eða aðra aðstoð) til íslenskra stjórnmalasamtaka, frambjóðenda, hreyfinga eða annarra sem taka afstöðu í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðsluna?

5) Óhlutdrægni og lýðræðisleg viðmið

Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að tryggja að upplýsingagjöf og/eða kynningarstarf feli ekki í sér einhliða pólitíska hvatningu, heldur stuðli að upplýstri og jafnvægri umræðu í samræmi við viðurkennd lýðræðisleg viðmið?

Beiðni um afhendingu gagna / kröfuskjala

Til að unnt sé að leggja sjálfstætt mat á gagnsæi, umfang og ábyrgð, óska ég jafnframt eftir (eftir því sem við á) afriti eða yfirliti um eftirfarandi gögn:

Skriflegt samkomulag/samningsramma (t.d. MoU) eða önnur skjöl sem skilgreina samstarf



*Hákon Jóhannesson*

ESB og íslenskra stjórnvalda um kynningu/aðstoð.

Verklagslýsingu, verkefnaáætlun, áhættumat eða leiðbeiningar sem liggja til grundvallar kynningarstarfi og/eða „aðstoð gegn erlendum afskiptum“.

Kostnaðaráætlun, skipulag fjármögnunar, samninga um þjónustukaup og sundurliðun helstu útgjaldaliða (þ.m.t. efnisframleiðslu, auglýsingakaup, ráðgjöf, viðburði).

Upplýsingar um alla framkvæmdaraðila (innri einingar ESB, verktaka á sviði kynningar, samstarfsaðila o.þ.h.), hlutverk þeirra og ábyrgðarkeðju.

Ef við á: lýsingu á mögulegri gagnavinnslu/greiningu (hvaða gögn, tilgangur, varðveisla, aðgangsstýring, ábyrgðaraðili).

## Heimildir

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 – m.a. 1. gr. og 2. gr. (lýðræðis- og valdheimildir), og eftir atvikum ákvæði sem kveða á um/leiða til þjóðaratkvæðagreiðslu (t.d. 11. gr., 26. gr., 79. gr.).

Kosningalög nr. 112/2021 – einkum 26. gr. (þjóðaratkvæðagreiðslur), 52. gr. (kynning vegna þjóðaratkvæðagreiðslu/hlutverk Landskjörstjórnar) og 81. gr. (reglur um kosningaáróður á kjörstað og í næsta nágrenni, eftir því sem við á).

Lög um starfsemi stjórn málasamtaka nr. 162/2006 – einkum 6. gr. (móttaka framlaga/bann við framlögum frá erlendum aðilum; afmarkaðar undantekningar) og eftir atvikum 7. gr. (hámark/umgjörð framlaga).

Ref.

[https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/TA-10-2025-0298\\_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/TA-10-2025-0298_EN.pdf)

(ab) in the light of the growing support for EU accession in Iceland, welcome the intention expressed by local authorities to hold a referendum by 2027 on the resumption of EU accession negotiations and pledge to respect the outcome thereof, as democratically expressed by the Icelandic people; meanwhile, engage proactively with the Icelandic Government to promote the benefits of potential EU membership and enhance preparedness for a renewed accession process should Iceland formally reactivate its



*Hákon Jóhannesson*

application, while immediately enhancing cooperation on common interests and offering EU assistance in the fight against hybrid threats and foreign interference; (ac) welcome the Icelandic Government's decision to launch talks on a security and defence partnership with the EU; express that the resulting agreement will be fundamental for future EU-Iceland relations;

1. Mælir með því að ráðið, framkvæmdastjórnin og varaforseti framkvæmdastjórnarinnar / æðsti fulltrúi sambandsins fyrir utanríkis- og öryggismál:

**(ab)** í ljósi vaxandi stuðnings við aðild að Evrópusambandinu á Íslandi, fagna þeirri fyrirætlan sem ríkisstjórn Íslands hafa lýst um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir árið 2027 um endurupptöku viðræðna um aðild að ESB og heita því að virða niðurstöðu hennar, eins og hún kemur lýðræðislega fram af hálfu íslensku þjóðarinnar; á meðan verði haft frumkvæði að samstarfi við ríkisstjórn Íslands til að kynna ávinning mögulegrar aðildar að ESB og efla undirbúning fyrir endurnýjað aðildarferli ef Ísland virkjar formlega að nýju umsókn sína, jafnframt því sem samstarf verði tafarlaust aukið á sviðum sameiginlegra hagsmuna og ESB bjóði fram aðstoð í baráttunni gegn blönduðum ógnunum og erlendri íhlutun;

**(ac)** fagna ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að hefja viðræður um samstarfssamning við ESB á sviði **öryggis- og varnarmála**; lýsa því yfir að slíkur samningur verði grundvallaratriði fyrir framtíðarsamskipti ESB og Íslands.

## **Svarfrestur og tungumál**

Vinsamlegast svarið undirrituðum á íslensku, lið fyrir lið og skilið skriflegu svari, fyrir 2.4.2026.

## **Dreifing**

Afrit sent til (í þágu gagnsæis og rétrar málsmeðferðar):

Forsætisráðuneytið – [for@for.is](mailto:for@for.is)

Utanríkisráðuneytið – [utn@utn.is](mailto:utn@utn.is)

Dómsmálaráðuneytið – [dmr@dmr.is](mailto:dmr@dmr.is)

Landskjörstjórn – [postur@landskjorstjorn.is](mailto:postur@landskjorstjorn.is)

Umboðsmaður alþingis [umbodsmadur@umbodsmadur.is](mailto:umbodsmadur@umbodsmadur.is)



*Hákon Jóhannesson*

Kópavogur 11.3.2026

Með vinsemd og virðingu,

A photograph of a handwritten signature in black ink on a light-colored background. The signature reads "Hákon Jóhannesson" in a cursive script.

Hákon Jóhannesson, íslenskur ríkisborgari

IS xxx Kópavogur

Sími xxx-xxx-xxxx

[hakon.johannesson@gmail.com](mailto:hakon.johannesson@gmail.com)



*Hákon Jóhannesson*